

Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hellu

Athugasemdir Fuglaverndar vegna tillögu að Aðalskipulagi í Rangárþingi ytra

Fuglavernd vill gagnrýna kaflann um fugla í umhverfisskýrslunni (kaflí 2.6). Hann byggir á gömlum gögnum, sem var aflað á árunum uppúr 1990 og sett fram í skýrslu 2001. Aðstæður allar og fuglalíf kann að hafa breyst á þessum tíma. Í skýrslunni er varla minnst á Ytri-Rangá. Í umhverfisskýrslunni er ekki gerð nein tilraun til að skoða hvort fuglar á valista sé að finna í sveitarfélaginu, né hvar þá væri að finna (Náttúrufræðistofnun 2018).

Við samningu ferðamálastýrslunnar, hafa höfundar **ekki** leitað fanga í gögnum, sem SASS hefur unnið um fuglaferðamennsku á Suðurlandi.

Í skýrslu umhverfisráðuneytis um Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra segir:

Færa þarf verndarmörk fyrir nýbyggingar í kringum vötn, ár og sjó út í 200 m til samræmis við niðurstöður rannsókna um neikvæð áhrif mannvirkja á villt dýr . Frávik frá þessu ætti aðeins að leyfa í undantekningartilfellum, t.d. vegna mannvirkja sem á einhvern hátt styrkja vernd villtra dýra. Í þeim tilfellum á framkvæmdaraðila að vera skylt skv. lögum að fjármagna og standa fyrir mótvægisáðgerðum, s.s. endurheimt annarra mikilvægra búsvæða (Menja von Schmalensee o.fl. 2013).

Fuglavernd skorar á skipulagsyfirvöld í Rangárþingi ytra, að tryggja verndarmörk helstu lindáa (Rangáanna, Þverár, Hólsár og Hróarslækjar), sem og Þjórsár og þeirra vatna sem ekki eru þegar hverfisvernduð, eins og Gíslholtsvatna, í samræmi við ofangreinda klausu. Svo virðist sem lítið tillit hafi verið tekið til slíkra verndarmarka við framkvæmdir á ár- og vatnsbökkum hingað til.

Jafnframt skorar Fuglavernd á sveitarfélagið, að láta gera ítarlega úttekt á fuglalífi í Rangárþingi ytra, en miklar gloppur eru á þekkingu á fuglum á svæðum eins og Ytri-Rangá. Vitað er að fuglalíf þar er ríkulegt allt árið, en einu skipulögðu athuganir sem okkur er kunnugt um eru vetrarfuglatalningar á Hólsá og talningar á álftum á vatnasviði árinna að vetrarlagi. Í talningu 31. janúar 2015 fundust 712 álftir á vatnsviðinu, þar af 452 á Hólsá og 91 á Hróarslæk (Ólafur Einarsson, skrifl. uppl). Þetta er næstum tvöfaldur sá fjöldi, sem fuglategund þarf að ná til að svæði sé skilgreint sem mikilvægt fyrir tegundina samkvæmt svonefndum IBA skilgreiningum Alþjóða fuglaverndarsamtakanna (*BirdLife International*, Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016). Okkur er kunnugt um að straumendur verpi við ána og fleiri valistategundir má finna þar (Náttúrufræðistofnun 2018).

Við höfum áður gert athugasemdir við vindmyllur í Þykkvabæ, það sé afleitur staður fyrir slík mannvirki vegna mikillar umferðar farfugla. Okkur sýnist að tekið sé skynsamlega á málunum í skýrslu um nýtingu vindorku. Jafnframt hafa verið gerðar athugasemdir við virkjanir í Þjórsá á öðrum vettvangi.

Loks viljum við minna á tvær greinar náttúruverndarlaga, sem fjalla um ár- og vatnsbakka. Þessar lagagreinar eru víða brotnar og sums staðar hefur sumarhúsum verið plantað beint á bakka Ytri-Rangár.

26. gr. Girðingar.

Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.

62. gr. Vernd bakkagróðurs.

Við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Heimildir

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55, 296 bls.

Menja von Schmalensee, Kristinn H. Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Páll Hersteinsson, Auður L. Arnþórsdóttir, Hólmfríður Arnardóttir og Sigmar B. Hauksson 2013. *Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur. Skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra*. 350+xi bls. ásamt viðaukum.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. Válisti fugla 2018. Sótt 3.11.2018 af:

<http://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>

Stokkseyri og Reykjavík 7. nóvember 2018

Jóhann Óli Hilmarsson
Formaður

Hólmfríður Arnardóttir
Framkvæmdastjóri